



Alþingi
Erindi nr. P 121/1960
komudagur 5.5.197

Alþingi
Landbúnaðarnefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. maí 1997

Efni: Frumvarp til laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. 523. mál
Tilv:97040040

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar, dags. 18. apríl sl. um ofangreint frumvarp.

Í 1. grein frumvarpsins er að finna það nýmæli, að skylt skuli að hafa plötumerki í öllu ásettu sauðfé og geitfé, en í núgildandi lögum er brennimerking á horn og merki í eyra lagt að jöfnu. Brennimerking er í raun öruggari merking á fullorðnu fé en plastmerki í eyra, og því orkar þessi nýja kvöð tvímælis. Bent skal á, að samkvæmt 24. grein laga um dýrasjúkdóma, nr.25/1993 getur yfirdýralæknir fyrirskipað sérstakar merkingar á búfé, þar sem það er nauðsynlegt. Íhuga þarf, hvort ekki sé heppilegra að beita þessu ákvæði, þar sem þörf er á sérstökum litarmerkingum á sauðfé vegna sjúkdómavarna, fremur en að skylda plötumerkingar um land allt. Það er brýnt að lækka kostnað við framleiðslu sauðfjárafurða, eins og framast er unnt, og því þurfa að vera sterk rök fyrir öllum lagabreytingum, sem auka kostnaðinn.

Það sem lýtur að örmerkjum og forgangi þeirra við sönnun á eign á búfé er jákvætt og er mælt með samþykkt þess.

Virðingarfyllst,

h. Bændasamtaka Íslands

Sigurður Þorgeirsson